

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um undanþágur frá fasteignaskatti.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hvert er fasteignamat fasteigna sem eru undanþegnar fasteignaskatti skv. 1. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995?
- Hver hefði verið upphæð álagðs fasteignaskatts á framangreindar fasteignir á yfirstandandi ári ef ekki hefði verið fyrir fyrrgreinda undanþágu?

Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum og stafliðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995. Enn fremur óskast svar sundurliðað eftir nafni félaga í a-lið 1. mgr. 5. gr. sömu laga.

Skriflegt svar óskast.